



## Alþýðusamband Íslands

### Alvarlegar blikur á lofti – samstarf í uppnámi

Strax í kjölfar þess að efnahagskerfi okkar hrundi í byrjun október 2008 setti Alþýðusamband Íslands sér skýr markmið um að verja yrði hag launafólks og heimilanna. Lögð var áhersla á þann gríðarlega greiðslu- og skuldavanda sem blasti við og að unnið yrði hratt að endurreisn efnahags- og atvinnulífs. Markmiðið var skýrt og verkefnið stórt því draga varð úr tekjutapi og kaupmáttarrýrnun launafólks og skapa forsendur fyrir fjölgun starfa til þess að mæta hratt vaxandi atvinnuleysi.

Þrátt fyrir langan meðgöngutíma og tregðu í kerfinu hefur okkur loks tekist að knýja ríkisstjórnina til verulegra breytinga á réttarstöðu skuldara við gjaldþrot og réttlátari og skilvirkari úrræði til greiðsluáðlögunar skulda. ASÍ lítur á það sem sitt verkefni að fylgja þessum tillögum eftir í samstarfi við nefndir Alþingis og síðan að tryggja að löggjöfinni verði hrint í framkvæmd þannig að fólk njóti þeirra réttarbóta sem unnið hefur verið að.

Þá lögðum við, í samstarfi við aðra aðila á vinnumarkaði, mikilvægan grunn að samstarfi við hið pólitíska vald í landinu og nokkru fyrir kosningar vorið 2009 voru sett niður töluleg markmið um helstu lykilhagstærðir í árslok 2010 og fram til ársins 2013. Markmiðið með þessum stöðugleikasáttmála var að verja grunnstoðir velferðarkerfisins samhliða endurreisn efnahags- og atvinnulífsins. Þá hefur Alþýðusambandið lagt áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um norræna vinnumarkaðsmódelið þar sem saman fari kjarasamningar öflugra samtaka á vinnumarkaði og traust löggjöf um lágmarksréttindi. Jafnframt höfum við bent á nauðsyn þess að öflugar stofnanir á vinnumarkaði sem lúta sameiginlegri stjórn aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda hafi burði og yfirsýn til að sinna sínu verkefni.

Ljóst er að skort hefur á samstöðu um framkvæmd stöðugleikasáttmálans þar sem ótrúlegs seinagangs hefur gætt af hálfu stjórnvalda við að koma ákvörðunum í framkvæmd. Ég ætla ekki að rifja upp atburðarásina eða tína til þá einstöku þætti sem ekki hafa verið efndir. Það er hins vegar mín skoðun að meginástæða þessa samstöðuskorts um efndir, sé að við erum við að glíma við djúpstæða pólitíska, hugmyndafræðilega og stjórnskipunarlega kreppu, ofan í gjaldeyris- og fjármálakreppuna. Á ársfundi ASÍ í október 2008 vörðum við við því að pólitísk upplausn ofan í gjaldeyris- og efnahagshrunið gæti dýpkað kreppuna enn frekar og tafið fyrir endurreisninni. Því miður erum við að upplifa þá stöðu núna. Stjórnmalavaldið, bæði stjórnarflokkarnir og stjórnarandstaðan í landinu hlaupa í sífellu útundan sér með lýðskrumi og endalausum málþófi, þar sem hagsmunir þjóðarinnar virðast ekki vera í fyrsta sætinu.

Síðustu vikuna hafa samskipti Alþýðusambandsins við ríkisstjórn og Samtök atvinnulífsins verið afar stíð. Úthlaup SA úr samstarfi um endurreisn efnahags- og atvinnulífsins að kröfu LÍÚ vegna deilu um skötusel er að okkar mati algerlega óásættanlegt. Haldi SA þessu til streitu er það okkar krafa að atvinnurekendur efni þegar þær launahækkarnir sem frestað var á grundvelli þess samstarfs sem SA er að segja sig frá.

Um miðja síðustu viku sendi síðan miðstjórn ASÍ ríkisstjórninni harðort bréf vegna framgöngu félags- og tryggingamálaráðherra um breytingar á lykilstofnunum vinnumarkaðarins. Með tillögunum stefndi í að rofin yrði áratuga sátt um samstarf og samábyrgð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um þróun og uppbyggingu vinnumarkaðarins. Slíkt hefði verið í hrópandi andstöðu við markmiðið um endurreisn efnahags- og atvinnulífsins á grundvelli hugmyndafræði hins norræna velferðarkerfis. Einnig gagnrýndum við það að þurfa að standa í síendurteknum deilum við ríkisstjórnina til að tryggja réttindi allra félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ til starfsendurhæfingar en allt að 1/3 félagsmanna okkar eru ekki tryggðir í dag þar sem launagreiðendur þeirra standa utan SA.

Það er því fagnaðarefni að samkomulag náðist nú í vikunni milli ASÍ og félags- og tryggingamálaráðherra um sameiningu Vinnuálastofnunar og Vinnueftirlitsins með óbreyttri aðkomu aðila vinnumarkaðarins að stjórn nýrrar stofnunar. Jafnframt verður skipuð nefnd með fulltrúum vinnumarkaðarins sem fjalla mun nánar um skipulag og verkefni nýrrar Vinnuálastofnunar. Þá var fallist á kröfu ASÍ um að nefndin ræði einnig mögulegar breytingar á verkaskiptingu milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, m.a. varðandi málefni atvinnulausra. Loks náðist samkomulag við fjármálaráðherra um nauðsynlega lagasetningu til að tryggja réttindi allra launamanna til starfsendurhæfingar.

Eftir stendur hins vegar meginmálið – aðgerðaleyfi í atvinnumálum! Meira er 15.000 Íslendingar eru án atvinnu og stórir hópar hafa þurft að taka á sig mikla skerðingu á vinnutíma og kjörum. Á formannafundi aðildarsamtaka ASÍ 29. mars s.l. kom fram hörð gagnrýni á bæði ríkisstjórn og stjórnarandstöðu fyrir aðgerðaleyfi. Einnig var mikil óánægja með ákvörðun SA um að segja sig frá stöðugleikasáttmálanum. Samtök atvinnulífsins geta ekki hlaupið burt því forsenda samkomulags okkar við SA um frestun launahækkana byggði á samstarfi um endurreisn og fjölgun starfa. Þá geta menn ekki látið þrönga hagsmuni útgerðarmanna setja hagsmuni þjóðarinnar í slíkt uppnám.

Með gerð stöðugleikasáttmálans hefur verkalýðshreyfingin og allt launafólk axlað mikla ábyrgð með það að markmiði að stuðla að endurreisn efnahags- og atvinnulífsins á grundvelli siðferðis, samfélagslegrar ábyrgðar á grundvelli norræna velferðarkerfisins. Það er ljóst að samstarfið við ríkisstjórn hefur ekki gengið eins vel og ASÍ hefði kosið og stöðugleikasáttmálinn ekki reynt sá vettvangur sem við væntum, m.a. vegna þess að stjórnvöld hafa ekki litið á hann sem forsendu ákvarðana. Hvað sem þessu líður stendur verkefnið eftir óleyst og enn brýnna nú en áður að finna lausnir sem gagnast fólki og fyrirtækjum. Fólkið okkar býr við mikinn vanda vegna minnkandi kaupmáttar, tekjulækkunar og vaxandi fjöldi má þola nánast algjöran tekjumissi vegna atvinnuleysis. Þessi framkoma samstarfsaðila okkar er því með öllu óásættanleg og ekki verður við hana unað. Alþýðusamband Íslands mun hins vegar ekki hlaupast undan ábyrgð og krefst þess að bæði stjórnvaldvaldið í landinu og atvinnurekendur komi að borðinu.

Alþýðusambandið telur í ljósi þessara aðstæðna mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins setjist aftur að rökstólum í Karphúsinu, horfi aftur til þeirra markmiða sem sett voru í mars 2009. Endurskoði þau ef með þarf og leiti eftir endurnýjuðu samstarfi við bæði ríkisstjórn og stjórnarandstöðu þannig að tryggt verði að mál sem þurfa að fara í gegnum Alþingi hafi nægan þingstyrk. Þá þarf að kalla eftir virkari aðkomu sveitarfélaganna að því uppbyggingarstarfi sem framundan er.

Endurreisn atvinnulífsins og baráttan gegn atvinnuleysi eru brýnustu verkefni næstu mánaða og missera.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ